



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2007

Tilvisun: UST20070100166/sf

**Háspennulínur frá Hellisheiði að Straumsvík. Tillaga að matsáætlun.**

Við er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 17. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna háspennulína frá Hellisheiði að Straumsvík.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

**Valkostir**

Í valkosti 2 (bls. 6 í tillögu að matsáætlun) er lagt til að Hverahlíðarlína 1 verði lögð sem jarðstrengur frá Hverahlíðarvirkjun yfir Þjóðveg 1 og að Búrfellslínu 2. Þaðan er gert ráð fyrir að línan haldi áfram sem 245 kV loftlína. Samfara seinni áföngum virkjananna er gert ráð fyrir því að Bitrulína 2 verði reist sem 245 kV loftlína meðfram Búrfellslínu 3 að Búrfellslínu 2 og þaðan sett í jarðstreng að aðveitustöð við Hverahlíðarvirkjun. Umhverfisstofnun bendir á að fram þarf að koma í frummatsskýrslu hvort gert er ráð fyrir tengivirkjum þegar loftlínur eru færðar niður í jörð. Ef svo er þarf að fjalla um slík tengivirki og áhrif þeirra, hvort heldur sem er sjónræn áhrif eða önnur.

Í kafla 2.2.2 er fjallað um lagningu jarðstrengja og kemur þar m.a. fram að gerð verði ítarleg grein fyrir jarðstrengjalögnum, kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur. Að mati Umhverfisstofnunar ætti í matsskýrslu að bera saman öryggi loftlína og jarðstrengja, t.d. út frá umferð flugvéla og vegfarenda og hugsanlegra áhrifa rafsviðs og segulsviðs loftlína og jarðstrengja.

Í lýsingu á framkvæmdaþáttum í kafla 2.3 kemur fram að til að gæta samræmis í útliti verða „fyrirhugaðar háspennulínur að öllum líkindum af svipaðri gerð og þær línur sem fyrir eru á svæðinu, þ.e. stöguð stálgrindarmöstur“. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að liggja fyrir í frummatsskýrslu hvaða gerð háspennumastra verður valin og að umfjöllun um útlit háspennumastra og um sjónræn áhrif taki mið af því.

Vakostur 1 gerir ráð fyrir því að Bitrulína 1 liggi frá Bitruvirkjun meðfram Búrfellslínu 2 suður fyrir Litla-Skarðsmýrarfjall (sbr. kafli 2.2.1.1 í tillögu að matsáætlun). Þaðan verði

tekin stefna til vesturs meðfram suðurhlíðum Skarðsmýrarfjalls og þaðan að Kolviðarhóli. Umhverfisstofnun veur athygli á að samkvæmt þessum valkosti myndi háspennulínan liggja um það svæði sem hefur hvað mest verndargildi vegna landslags og útivistar. Jafnframt yrði myndað nýtt mannvirkjabelti. Umhverfisstofnun telur því að þessi valkostur geti vart talist ásættanlegur.

### **Jarðstrengir**

Í kafla 2.3.3 þar sem lýst er lagningu jarðstrengja kemur fram að nokkuð jarðrask fylgi því ef jarðstrengur er lagður einhvern hluta línuleiðar. Æskilegt er að leggja strengina sem mest meðfram núverandi vegum. Umhverfisstofnun telur að lýsa þurfi ítarlega og sýna á teikningum fyrirkomulag lagningu jarðstrengja, þ.e. umfang vinnusvæðis (vegs, haugsetningarsvæðis og skurðar) og hvaða tæki verða notuð við lagninguna. Einnig þarf að koma fram lýsing á spennuvirkjum sem notuð eru til að tengja saman jarðstreng og loftlínu og umhverfi þeirra.

### **Slóðagerð**

Í kafla 2.3.4 þar sem fjallað er um slóðagerð kemur fram að endurbæta og lagfæra þurfi hluta af núverandi slóðum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í frummatsskýrslu ítarleg lýsing á því í hverju endurbætur og lagfæringar á slóðum felast. Á mynd 2.28 er sýnt snið af dæmigerðum línuslóða. Þar kemur fram að malarpúði geti verið frá 50-100 cm þykkur. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir svo þykkum malarpúða, sér í lagi þar sem er að finna gott undirlag úr hrauni. Þar sem nægur burður er í hraunum ætti ekki að vera þörf á neinum malarpúða nema til að jafna út yfirborð vegarins. Í frummatsskýrslu ætti að gera grein fyrir mismunandi gerðum línuslóða og hvar þörf væri á miklu malarlagi og hversu mikið efni færi í slíka slóða. Einnig þyrfti að gera grein fyrir þykkt malarpúða fyrir masturstæði.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ekki verði lagðir efnismeiri vegir en nauðsynlegt er og að slóðagerð miðist við þarfir verkkaupa en ekki verktaka, þ.e. þau vinnutæki sem notuð eru á framkvæmdatíma ráði því ekki hversu miklir vegirnir eru heldur væntanleg umferð vegna viðhalds á háspennulínunum. Þar sem vegir liggja um hraun verði lögð áhersla á að efni verði keyrt út á hraunið og að hraunið verði ekki sléttað undir með ýtu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki kemur fram í tillögu að matsáætlun hvort ætlunin sé að loka línuvegum að hluta eða að öllu leyti eða hafa þá opna fyrir almennri umferð. Gera ætti grein fyrir því í frummatsskýrslu. Þá bendir stofnunin á að á ákveðnum svæðum gæti verið ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir almenna umferð ökutækja, s.s. á línuslóðanum um Helgafell. Það mætti til dæmis gera með því að lagfæra ekki núverandi línuslóða á ákveðnum kafla, þannig að ekki verði um að ræða samfelldan og greiðfæran slóða meðfram háspennulínunni, sbr. t.d. framkvæmdir við Búrfellslínu 3A á Ölkelduhálsi.

### **Afturkræfni framkvæmda**

Vegna mats á þeim valkostum sem lagðir eru fram telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði fjallað um afturkræfni þeirra vegslóða og plana undir masturstæði sem lögð eru á hraun. Einnig verði fjallað um afturkræfni framkvæmda vegna lagningar jarðstrengja. Þá þarf að fjalla um endingartíma háspennulína (lífaldir línumastra).

### **Frágangur**

Í kafla 2.3.7 er frágangi vegna lagningar háspennulína lýst. Þar kemur m.a. fram að sáð verði í sár ef þörf er talin á. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í frummatsskýrslu hver ákveði hvort sáð verði í sár eða ekki og ef það verður gert hvers konar fræblöndur verða notaðar. Stofnunin telur mikilvægt að uppgræðsla miðist við gróðurfar á framkvæmdasvæðinu.

### **Efnistaka**

Í kafl 2.3.5, Efnistaka, kemur fram að efni verði tekið úr námum sem eru í rekstri í grennd við framkvæmdasvæðið. Umhverfisstofnun bendir á að skoða mætti þann möguleika að að taka efni úr námu í Orrustuhólshrauni og ganga um leið frá námunni. Þó yrði að gæta þess að taka ekki nýtt svæði undir efnistöku, heldur vinna niður núverandi námubotn. Hugsanlega mætti þó taka núverandi hraunkant framan við raskaða svæðið og móta nýjan kant samhliða vinnslunni. Áður en hægt yrði að fallast á slíka vinnslu yrði þó að leggja fram tillögu um efnisvinnslu í námunni og frágang. Hafa þyrfti samráð við Orkuveitu Reykjavíkur við gerð þeirrar efnistökuáætlunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda Orkuveitunnar á svæðinu.

### **Sjónræn áhrif**

Í umfjöllun um kynningu og samráð kemur fram Flugmálastjórn óskar eftir því að þar sem línur þvera þjóðveg 1 verði settir belgir á línurnar og hindrunarljós á möstur sitt hvoru megin við veginn. Umhverfisstofnun bendir á að ef hindrunarljós og belgir verða hluti af framkvæmdinni ætti að koma fram lýsing á þeim í frummatsskýrslu og meta ætti umhverfisáhrif þeirra. Gera ætti samanburð á umhverfisáhrifum (m.a. sjónræn áhrif og hættumat) loftlína og jarðstrengja við þverun vega á Sandskeiði og á Hellisheiði.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði fjallað um sjónræn áhrif mismunandi valkosta á Hellisheiði m.t.t. samlegðaráhrifa með öðrum mannvirkjum, s.s. tengivirkjum vegna jarðstrengslagnar, fyrirhuguðu stöðvarhúsi og borholumannvirkjum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt umfjöllun um valkosti og yfirlitsmyndum í tillögu að matsáætlun er gert ráð fyrir að lega jarðstrengja við Hverahlíð liggja í sveig og þar með að hluta í nánd við núverandi slóða á svæðinu. Háspennulínur liggja hins vegar í beinni línu til virkjunarinnar þvert yfir hraun, óháð legu núverandi slóða. Stofnunin telur að athuga ætti með þann kost að sveigja legu háspennulína sunnan Suðurlandsvegar þannig að hún verði meira í líkingu við legu jarðstrengja samkvæmt yfirlitsmyndum. Þar með myndu háspennulínurnar liggja nær Hverahlíð sem gæti dregið úr sjónrænum áhrifum línanna auk þess sem nýta mætti betur núverandi slóða á svæðinu.

Samkvæmt valkosti 3 er gert ráð fyrir að Bitrulína 1 liggja meðfram Búrfellslínu 3 að tengivirkinu við Kolviðarhól. Umhverfisstofnun telur að skoða ætti þann möguleika að masturstæði standist á þar sem núverandi háspennulínur og fyrirhuguð lína samkvæmt þessum valkosti liggja meðfram þjóðvegi á Hellisheiði. Tilgangur þess væri að draga úr sjónrænum áhrifum og mætti líta á sem mótvægisáðgerð við byggingu nýju línunnar. Þetta mætti gera með því að endurbyggja Sogslínu 2 að hluta og auka bil á milli masturstæða til samræmis við Bitrulínu 1.

### **Hljóðvist**

Í kafla 4.2.13 kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um hljóðstig, gerð grein fyrir áætluðum hljóðstiggildum og þau borin saman við gildi í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla verður um hávaða vegna framkvæmdanna bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma.


### Gróður


Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gróðurlendi verði afmörkuð á korti og þeim lýst í skýrslu. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í hvaða mælikvarða þau kort verða. Mikilvægt er að kort sem sýna gróðurlendi verði í nægjanlega stórum mælikvarða til að glögglega megi átta sig á staðsetningu þeirra og umfangi.

### Útivist

Í kafla 4.2.7 er fjallað um útivist og ferðamennsku og efnistöð í frummatsskýrslu vegna þeirra þálta. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sunnan Suðurlandsvegar hefur allnokkuð verið notað sem gönguskíðasvæði. Stofnunin telur að fjalla eigi sérstaklega um hugsanleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá útivist.

Virðingarfyllt

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

  
Sigrós Friðriksdóttir  
lagstjóri